

Nema hvað? Efling list- og verknáms

Málþing skólamálaráðs KÍ og kennara í list- og verkgreinum

Fimmtudagur 22. mars 2018, kl. 13:00-16:30

Nauthóli, Nauthólsvegi, Reykjavík

Markmið málþingsins er að beina sjónum að aðferðum við að efla list- og verknám í skólakerfinu og að leiða saman ýmsa aðila til samtals um það. Lengi hefur verið rætt um eflingu list og verknáms og ekki skortir stefnu um það. Hvert er samhengið milli stefnu og framkvæmdar? Hvernig á að koma stefnu um eflingu list- og verknáms í framkvæmd? Hvað þarf til? Hver er sýnin á það?

Hvað svo? Hvað förum við með hédan í dag til að nota og hvernig?

Sigrún Grendal, formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)

Í erindi mínu staðset ég mig að nokkru á mínum heimaslóðum, þ.e. innan tónlistarskólakerfisins og legg út frá tónlistarmenntun – eflingu hennar og mögulegum samlegðaráhrifum til eflingar listnáms almennt.

Um tónlistarskóla og tónlistarmenntun

Nú veit ég ekki hvort fólk hér þekkir almennt til tónlistarskólakerfisins – þannig að ég hleyp hér á örfáum stiklum svo útgangspunktur minn sé öllum ljós.

- Tónlistarskólar á Íslandi eru um 90 talsins,
- tónlistarnemendur eru um 15.000 og
- kennarar og stjórnendur í tónlistarskólum eru um 900.

- Nám og kennsla í tónlistarskólum nær frá forskólanámi og allt upp að háskólanámi,
- fagþekking og kennslufræðileg þekking spannar vítt svið, nemendur geta verið allt frá 2-3 ára og upp úr, en lang flestir eru á bilinu 6-20 ára:
 - yngri en 15 ára = 81%
 - 16-20 ára = 12%
 - eldri en 20 ára = 7%

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er sett fram heildarstefna um nám og kennslu í tónlistarskólum.

Um hlutverkið segir m.a. „Tónlistarskólar skulu starfræktir í þágu menntunar, menningar og samfélags og stuðla að öflugum tónlistarlífi í landinu.“

Skilgreind meginmarkmið skiptast í þrjá flokka: uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.

(Markmið tónlistarnámsins er m.a. að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda - í skólastarfi ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.)

Það ætti e.t.v. ekki að koma á óvart en finna má þó nokkurn samhljóm milli almenna hluta aðalnámskrár tónlistarskóla og sameiginlegs hluta aðalnámskráa leik-, grunn-, og framhaldsskóla.

Aukin samræða og samstarf – vegvísir nýrra tíma

Efst í dagskrá málþingsins segir - markmið málþingsins er að beina sjónum að aðferðum við að efla list- og verknám í skólakerfinu og að leiða saman ýmsa aðila til samtals um það. Ein lykilbreyta í öllu þessu samhengi, er orðuð í þessari setningu, þ.e. - að leiða saman ýmsa aðila.

Menntun er víðtækt samstarfsverkefni sem varðar okkur öll – aukin samræða og samstarf leiðarstef og vegvísir nýrra tíma – við þurfum á þeim samlegðaráhrifum að halda sem traust, frjótt og faglegt samstarf ólíkra aðila getur gefið af sér á margvíslegan hátt. Börn og ungmenni sem og samfélagið allt á það skilið að hið margslungna og mikilvæga verkefni – að efla góða menntun – einkennist af samvinnu og samstillingu þeirra sem bera á því ábyrgð.

Eitt af brýnum áherslumálum FT snertir framangreint – þ.e. samstarf í skólasamfélaginu og samlegðaráhrif þess – og á heima á lista yfir aðgerðir til eflingar listnáms. Hér vísast til þess að FT hefur um langa hríð barist fyrir heildstæðri löggjöf um tónlistarskólakerfið.

Frá árinu 2004 hafa starfað tvær ráðherraskipaðar nefndir að endurskoðun gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, með það að markmiði að setja nýja heildstæða löggjöf um tónlistarskóla, en kostnaðarskiptaumræða ríkis og sveitarfélaga hefur þvælst fyrir verkinu.

Í skólastefnu KÍ er lögð áhersla á að kláruð verði heilsteypt löggjöf um tónlistarskólastigið eins og önnur skólastig og að staða tónlistarskóla verði styrkt innan heildstæðrar skólastefnu sem nær til allra skólagerða – hér er um aðgerð og áhrifaþátt að ræða til eflingar listnáms.

Í greinargerð með drögum að frumvarpi til laga um tónlistarskóla (2013) sem hefur dagað uppi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu kemur eftirfarandi fram:

- Tónlistarskólar hafa ákveðna sérstöðu innan skólakerfisins. Starfsemi þeirra skarast á margan hátt við starfsemi annarra skóla og tengist samfélaginu með öðrum hætti en þeir.
- Sú kennsla sem fram fer í tónlistarskólum er ekki bundin í lög en engu að síður getur skólinn tekið að sér kennslu og önnur verkefni í samstarfi við stofnanir sem sinna lögbundnu námi.
- Tryggja þarf að við slíkar aðstæður ríki jafnræði milli stofnana, að tónlistarskólinn búi við sambærilegan lagaramma og aðrir skólar sem tekur mið af sérstöðu hans.

Þá er klárlega í þágu eflingar listnáms á öllum skólastigum og skólagerðum að lagaumgjörð um menntun og leyfisbréf kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði í samræmi við lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008 – þar sem m.a. er gert ráð fyrir kennsluréttindum yfir mörk skólastiga.

Með hliðsjón af samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar, þar sem boðuð er stórsókn í menntamálum, lögð sérstök áhersla á listnám, skapandi og gagnrýna hugsun, nýsköpun, eflingu skapandi greina og aðgengi að menningu og listum, trúi ég að í höndum nýs mennta- og menningarmálaráðherra muni komast skriður á málin.

Regluverk, umgjörð og allur aðbúnaður getur haft mikla þýðingu um hvernig til tekst við framkvæmd stefnu.

Hér er það á hendi stjórnvalda að skapa umgjörð, farvegi og hvata, sem styðja við framkvæmd boðaðrar stefnu, - að treysta allan samstarfsgrundvöll tónlistarskóla við aðrar skólagerðir styður jafnframt við faglegt starf í anda lærdómssamfélaga.

Meðbyr með listum – tillögur og dæmi um aðgerðir

Meðbyr hefur verið með listum víða um heim og þá gjarnan undir formerkjum breyttra þarfa 21. aldarinnar. Þess ber merki að tvær heimsráðstefnur UNESCO um listfræðslu (2006 og 2010) hafi haft talsverð áhrif og má finna margvíslegar tillögur um aðgerðir til eflingar listfræðslu í niðurstöðum beggja ráðstefna.

Dæmi um aðgerðir á Norðurlöndum

Í kjölfar fyrri heimsráðstefnunnar settu norsk stjórnvöld á laggirnar rannsóknarmiðstöð „Nasjonalt senter for kunst og kultur i opplæringen“ árið 2007 – með það að markmiði að stuðla að auknu vægi listgreina innan menntakerfisins.

Að frumkvæði stjórnvalda vann rannsóknarmiðstöðin skýrslu sem innihélt áætlun fyrir listir og menningu í námi 2007-2010: „Skapandi nám“. Meginmarkmið áætlunarinnar var að stuðla að vexti listrænna, fagurfræðilegra og skapandi hæfileika meðal barna, nemenda og starfsmanna leikskóla, grunnskóla sem og á æðri menntastigum. Listaskólar og leikskólar gegndu mikilvægu hlutverki í þessari áætlun.

Meðal atriða í áætluninni var, að styðja aðgerðir sem hafa að markmiði að styrkja listaskóla til að geta þjónað sem miðstöðvar lista og menningar – og veitt þjónustu leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Þessi stefna stjórnvalda í Noregi var mjög í anda þeirra áherslna sem fram koma í „Vegvísir fyrir listfræðslu“ (UNESCO 2006).

Í Finnlandi er lögð mikil áhersla á listir og menningu sem hornstein sterkrar, finnskrar sjálfsvitundar – en horft er á sterka sjálfsmynd einstaklinga sem lykil að sterku samfélagi og árangri í skólastarfi. Finnar hafa lagt áherslu á þróun kennsluáferða í tónlist fyrir börn á unga aldri með samstarfi tónlistarskóla og leikskóla. Áhersla í tónlistarkennslu hefur færst frá því að mennta fyrst og fremst atvinnutónlistarmenn yfir í að kenna tónlist til persónuþroska og almennrar hæfni einstaklinga.

Hvernig skyldi íslenska leiðin verða...

Í umræðu um umbætur á menntakerfum hefur m.a. verið bent á að þjóðir ættu að rýna dýpra í sitt eigið skóla- og menntakerfi og sína menningu. Í því sambandi má draga fram að net tónlistarskóla á Íslandi er sérstætt og á Íslandi er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið.

Það er æði margt sem styður þá sýn að virkt samstarf tónlistarskóla og leikskóla sé af mörgum ástæðum býsna rökrétt aðgerð – og þá ekki bara af því Finnum gæti fundist það – heldur vegna þeirra einstæðu möguleika tónlistar til að örva mikilvæg þroskaferli ungra barna. Samstarf tónlistarskóla og leikskóla ætti

að mínu mati að vera skylda í öllum sveitarfélögum. Stækka þarf kjarna lærdómssamfélagsins og innleiða með skipulögðum hætti samstarf ólíkra aðila.

FT hefur tekið heilshugar undir stefnumörkun annarrar heimsráðstefnu um listfræðslu á vegum UNESCO (2010) þar sem segir að tónlistarskólar og tónlistarkennsla hafi nauðsynlegu hlutverki að gegna við umbreytingu og þróun menntakerfa í samræmi við þarfir 21. aldarinnar, þar sem áhersla er lögð á skapandi hugsun og menningarlega meðvituð samfélög.

- Færð eru rök fyrir því að listir séu öflugasta tækið í skólastarfi til að stuðla að alhliða þroska og færni á öllum skilningarvitum nemenda.
- Að gera tónlistarkennslu jafnhátt undir höfði og öðrum námsgreinum í menntakerfinu kemur til móts við þarfir einstaklinga og samfélags – en slíkt hefði einnig ómæld áhrif á viðhorf til listfræðslu.

Úttekt á list- og menningarfræðslu á Íslandi

Fyrir tilstuðlan FT var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins gerð umfangsmikil úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi árið 2009 af prófessor Anne Bamford.

Í úttektinni voru lagðar til grundvallar eftirfarandi spurningar:

- Hvað er gert í listfræðslu og hvernig er það gert?
- Hver eru gæði listfræðslu á Íslandi?
- Hvaða möguleikar liggja í listfræðslunni nú og í framtíðinni og hverjar eru áskoranirnar?

Framkvæmd skólastarfs og aðgengi að námi var kannað auk þess sem horft var til kennaramenntunar og þeirra möguleika sem kennarar og listamenn hafa til endur- og símenntunar. Öll þessi atriði skipta sköpum við eflingu listnáms.

Lítið hefur verið unnið með niðurstöður úttektarinnar en þar er að finna ýmsar gagnlegar tillögur og ábendingar.

Virk samvinna

Í tengslum við þá áherslu á samræðu og samstarf sem ég hef lagt upp með í erindi mínu – vil ég draga fram þann vinkel í skýrslu Anne Bamford að í löndum þar sem listfræðsla er vel heppnuð er venjulega virk samvinna milli fagsviða, samtaka og geira. Hugtakið virk samvinna tekur til beinnar þátttöku margskonar menningar- og listastofnana í allri skipulagningu og framkvæmd.

Þessi samvinna leiðir gjarnan til jákvæðra samlegðaráhrifa hvað varðar fjármögnun, mannauð og sérfræðiþekkingu sem aftur leiðir til vel skipulagðrar listfræðslu.

Rannsóknir á heimsvísu gefa til kynna að vel heppnuð samvinna sé til langs tíma og henni fylgi sameiginleg ábyrgð á skipulagi og mati. Skv. niðurstöðum skýrslu Anne Bamford er þetta yfirleitt ekki tilfellið á Íslandi og því tækifæri til úrbóta í þessum efnunum.

Gæðaviðmið sem tæki til eflingar listnáms

Í úttekt Anne Bamford notast hún við tilgreind gæðamiðvið sem taka til samspils skipulags og aðferða. Viðmiðin tilgreina ekki innihald þar sem aðstæður verða að taka mið af kringumstæðum, menningu og aðbúnaði. Innihald og aðstæður geta þannig virkað óháð gæðamiðum.

Viðmiðin eiga jafn vel við menntun í listunum sjálfum (listgreinakennslu) og menntun í gegnum listir (þar sem listrænar aðferðir eru notaðar í kennslu annarra greina).

Eftirfarandi viðmið góðrar og árangursríkrar listfræðslu má nota til að greina það sem betur má fara í listfræðslunni og nýta sem tæki til eflingar listnáms:

- Virk samvinna skóla og listastofnana/samtaka og á milli kennara, listamanna og samfélagsins.
- Dreifð ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati.
- Tækifæri til að koma fram opinberlega - flytja, sýna, kynna.
- Samþætting listgreinakennslu og skapandi/listrænnar nálgunar í námi og kennslu almennt (menntun í gegnum listir).
- Hlúð sé að gagnrýnu mati, krefjandi verkefnum og hvatt til áræðni.
- Almenn áhersla á samvinnu.
- Sveigjanlegt skólakerfi og sveigjanleg mörk á milli skóla og á milli skóla og samfélags.
- Áhersla á að öll börn njóti og hafi aðgang að listfræðslu.
- Nákvæm útfærsla á að nám, upplifanir og þroski barna sé metinn og því mati sé komið á framfæri með viðeigandi hætti.
- Virk endur- og símenntun fyrir kennara, listamenn og almenning.

Samráðshópur/stýrihópur til eflingar listmenntunar og skapandi starfs

Ég kom inn á það hér fyrir að aukið samráð og samstarf væri lykilbreyta í þessu risavaxna verkefni, að efla listmenntun.

Að mínu mati er ein mikilvægasta aðgerðin til að stefna um eflingu listnáms náí sem best fram að ganga að koma á fót samráðshópi sem veitti forystu samhæfingu aðgerða – en hér er um áherslur og viðfangsefni að ræða sem verðskulda að unnið sé að með skipulögðum hætti.

Í skýrsla Anna Bamford var m.a. kallað eftir áhuga ráðamanna og með vísan til samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar tel ég að nú sé rétti tíminn til að óska eftir myndun samráðsvettvangs/stýrihóps sem hefði það hlutverk að samhæfa aðgerðir til eflingar listnáms.

Að lokum vil ég nefna nokkrar af þeim tillögum til úrbóta og ábendingum sem koma fram í skýrslu Anne Bamford um List- og menningarfræðslu á Íslandi – ég mun einungis stikla á stóru en í skýrslunni er úr heilmiklum efniviði að moða til eflingar listnáms.

Takk fyrir.

(Í erindinu var einungis dregið á nokkrum af þeim atriðum sem listuð eru hér á eftir)

Í skýrslu Anne Bamford eru settar fram tillögur til úrbóta í fimm meginþáttum:

1. Stefnumótun og framkvæmd

- 1.1 Menntun í nýjum miðlum af ýmsu tagi ætti að þróa frekar.
- 1.2 Þróa þarf námsleiðir í listum sem taka með heildstæðum hætti til allrar menntunar barnsins.
- 1.3 Stuðla ætti með öflugum hætti að samþættu skapandi námi í gegnum listir.

2. Samvinna

- 2.1 Veita þarf fjármagn sérstaklega til að miðla því sem vel er gert í listfræðslu.
- 2.2 Koma ætti á formlegu og öflugum samstarfi skóla við skapandi atvinnugreinar.

3. Aðgengi

- 3.1 Stofna ætti nefnd sem hefði það verkefni að stuðla að fjölbreytileika í listfræðslu og fylgjast með aðgengi að listnámi.
- 3.2 Tónlistarskólar ættu að höfða til barna með sérþarfir með markvissari hætti.

4. Námsmat

- 4.1 Aðferðir við námsmat eru afar takmarkaðar í list- og menningarfræðslu og auka þarf rannsóknir og þróun á þessu sviði.
- 4.2 Þróa þarf og koma í notkun einföldum aðferðum til að meta gæði listfræðslunnar.
- 4.3 Safna þarf gögnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif skapandi atvinnugreina á Íslandi.

5. Menntun kennara

- 5.1 Kennaramenntun er nú í endurskoðun og er nauðsynlegt að nýta niðurstöðu þeirrar úttektar og annarra rannsókna til að bæta kennaramenntun í listum.
- 5.2 Fylgjast þarf náið með gæðum list- og menningarfræðslu í kennaranámi.
- 5.3 Fjölga þarf viðurkenndum námsleiðum fyrir starfandi listamenn (í öllum listgreinum) og kennara (á öllum skólastigum) svo þeir eigi betri möguleika á að bæta hæfni sína sem skapandi kennarar í listum og menningu.

Aðrar ábendingar og athugasemdir sem koma fram í skýrslunni:

Kennaramenntun er kjölfesta í menntakerfinu og mikilvægt að menntun kennara endurspegli okkar menntastefnu. Þá er endur- og símenntun kennara tiltekin sem grundvallarþáttur í góðri list- og menningarfræðslu. Samkvæmt skýrslu Anne Bamford er víða svigrúm til úrbóta og rétt að gefa eftirfarandi tillögum, ábendingum og athugasemdum gaum.

Kennaramenntun

- Þótt sérgreinakennarar í listum og tónlistarkennarar hafi sérþekkingu á sínu sviði virðist þessa kennara hins vegar oft skorta þekkingu á því hvernig börn læri og þroskist í listnámi.
- Hægt er að klára kennaranám án þess að fá nokkra kynningu á listfræðslu. Allir kennarar þurfa að læra um listir.
- Í upphafi allrar kennaramenntunar verðum við að tryggja að kennarar skilji gildi sköpunarkrafts og menningar.
 - Listir og menning fær ónógan tíma í kennaramenntun.
 - Margir kennarar útskrifast án nægrar þekkingar og færni til að ná árangri sem listgreinakennarar.
 - Þekking og færni í námsmáti, rannsóknnum og greiningu vantar í kennaranámi.
 - Kennaramenntun ætti að fá meira vægi sem ævilangt ferli. Þar gætu þeir sem nú mennta kennara gegnt lykilhlutverki.
 - Fram kemur að frekar hafi dregið úr frumkvæði og nýjungum í kennaramenntun.
 - Markmið og sýn kennaramenntunar er óskýr og misvísandi.
- Tengja þarf betur þá sem bjóða framhaldsmenntun.
- Kennaramenntun þarf að þróa sem og sérþekkingu í rannsóknnum í listfræðslu.
- Skólastjórar þurfa framhaldsmenntun varðandi gildi list- og menningarfræðslu.

Menntun í listum og í gegnum listir

Greina þarf á milli þess sem kalla má menntun í listum (þ.e. kennslu hefð- bundinna listgreina – tónlistar, leiklistar, handverks, svo dæmi séu tekin) og menntunar í gegnum listir (notkun lista eða listrænna aðferða í kennslu annarra greina, svo sem stærðfræði, læsi og í tæknigreinum).

- Efla þarf og þróa skapandi starf í skólum með aukinni áherslu á skapandi kennsluaðferðir, einnig í kennslu listgreina.
- Auka þarf áherslu á að samþætta skapandi kennsluhætti þvert á námsgreinar og svið.
 - Skólar þurfa öflugna listfræðslu en að auki listrænar og skapandi aðferðir í kennslu þar sem stuðlað er að námi með samþættum hætti í öllum greinum.
 - Kennarar gera sér ekki skýra grein fyrir markmiðum og sérstöðu náms sem listfræðsla felur í sér.
 - Samfella er nauðsynleg ef listfræðsla á að skila árangri, sérstaklega á milli mismunandi námsstiga.
 - Skapandi starfsgreinar á Íslandi kalla eftir meira skapandi nálgun í menntakerfinu.

Menntun í skapandi matsaðferðum

- Bjóða mætti frekari menntun og þjálfun í nýjum og skapandi matsaðferðum þannig að listgreinakennarar geti betur fylgst með framförum nemenda og mælt gæði kennslunnar.

Skortur á rannsóknnum

Allt starfsfólk sem rætt var við í háskólageiranum kvartaði yfir skorti á rannsóknum og fagnaði hvernig þessi rannsókn dró fram raddir þeirra sem vinna við listfræðslu.

Fá tækifæri

Kennarar eru áhugasamir um að auka rannsóknir í starfi sínu en ef frá eru talin stutt námsleyfi eru fá tækifæri til rannsóknartengds náms í listum.

Miðlun þróunarverkefna

Til viðbótar skorti á rannsóknum var almennur skortur á að þróunarskólaverkefnum væri miðlað á milli skóla. Ástæða þess virtist bæði landfræðileg (fjarlægð) og skortur á tíma og fjármunum. Skortur á rannsóknum og úttektum var sérstaklega áberandi með t.t. þeirra fjölmörgu og að því er virtist árangursríku grasrótaverkefna.

Kerfislægur sveigjanleiki

Vönduð listfræðsla þrífst þar sem sveigjanleiki er kerfislægur.

Skoðanaskipti

Rannsókninni var ekki aðeins vel tekið vegna hugsanlegar vitneskju sem hún gæti fært um listfræðsluna heldur kunni fólk að meta það tækifæri sem þarna gafst til að skiptast á skoðunum og til að tengjast um leið alþjóðlegri samræðu um listir og menningu.

Samræða og rökræða um sköpun virðist lítið þróuð í íslenskum skólum.

Að meta gildi lista

Á Íslandi er fólk ekki kennt að meta listir. Við þurfum að endurhugsa listir í menntakerfinu og gera listkennslu skyldubundna í skólum. Skólum tekst ekki að miðla mikilvægi listanna. Flestir skólar byggja á að mikilvægustu fögin séu stærðfræði, íslenska og enska. Listirnar verða að vera mikilvægar og ættu að hafa meiri vigt.